

Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins,

fundur haldinn miðvikudaginn 11. júní 2025, kl. 9:30 á Teams

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa. Fundinn sat einnig Edda Sigurðis Oddsdóttir starfsmaður Landvirkjunar sem mögulega mun taka við hlutverki GF.

Viðhaldsverkefni vorsins 2025

GF fór yfir reikninga frá Unnsteini vegna viðhaldsvinnu við búið og bæinn.

Reikningur frá Helga hefur ekki borist, en GF hefur ýtt á eftir að hann verði sendur.

Samtala allra reikninga vegna þess viðhaldsverkefnis sem unnið var í maí er mjög nálægt áætlun. Áætlun hljóðaði upp á 11,2 m.kr. (10,2 m.kr. án viðgerðar á kerjum). Miðað við þá reikninga sem hafa borist lítur út fyrir að heildarkostnaður við verkið verði á milli 10-11 m.kr.

Stjórnarmenn lýsa ánægju með að kostnaðaráætlun standist.

GF lýsir ánægju sinni með verkið. Vinnan er vönduð sem og hugsunin á bak við þær breytingar sem gerðar voru á burðarvirki þaksins. Frágangur er góður. Telur viðgerðina til þess fallna að endast lengi. BHÁ tekur undir þetta og segir að ekki hafi verið kastað til höndunum við verkið. HP tekur einnig undir og lýsir ánægju með vinnubrögðin. Þá var sérfræðingur húsasafnsins, sem fór tvisvar á verkstað og vann með Unnsteini í annað skiptið, einnig ánægður með vinnubrögðin.

Verkinu er nú lokið og aðeins eftir að samþykkja og greiða útistandandi reikninga. GF mun sjá um það.

Viðhaldsverkefni haustsins 2025

GF upplýsti um viðræður við Unnsteinn varðandi framhaldið. Áður hefur verið lagt til að nauðsynlegt sé að fara í norðurvegginn, milli afhúsanna og hluta af skálanum. Unnsteinn lagði til 17.-28. september 2025 fyrir vinnuna og einhverja daga þar á undan til undirbúnings. Miðað við að umfang verksins sé svipað og þess sem þegar hefur verið unnið þá er um að ræða verk upp á 5-6 m.kr.

Skv. GF á bærinn í dag 27 m.kr. á reikningum sínum (framlög Landsvirkjunar og ráðuneytisins hafa þegar verið greidd vegna ársins 2025).

GF leggur til að þessir dagar verði festir við Unnsteins til að fara í nauðsynlegar framkvæmdir á norðurhliðinni. BHÁ telur nauðsynlegt að fara í norðurhliðina og vill samþykkja þetta.

VJ og HP einnig samþykkar.

GF mun hafa samband við Unnstein og staðfesta þetta. Sama fyrirkomulag verður haft varðandi gistingu og fæði o.fl. fyrir Unnstein og starfsmenn hans.

Rætt um að næsta ár, 2026, verði hægt að fara í framkvæmd á suðurhliðinni en eftir á að áætla umfang og tímaramma.

Innviðamál

GF upplýsti að spennir sé kominn á sinn stað við bílastæði. Á eftir að tengja. GF hefur samband við rafvirkja til að klára tenginguna og fá til að hafa yfirumsjón með verkinu. Leggur áherslu á að verði klárað sem fyrst. Rekstraraðilar verða að klára sína heimtaug sjálf.

Engar fréttir af rotpró. GF reiknar með að sé í ferli hjá sveitarfélaginu. BHÁ staðfestir það, er í ferli og verktaki mun fara í málið samhliða öðrum verkefnum hjá sveitarfélaginu. Nákvæm dagsetning liggur ekki fyrir.

Önnur mál

BHÁ greindi frá því að rekstraraðilar hefðu boðið íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps í heimsókn í Þjóðveldisbæinn þann 17. júní nk. Stjórnarmenn lýsa ánægju og vona að heimafolk þiggi boðið og sæki bæinn heim.

GF ræddi um starfslok sín hjá Landsvirkjun sem verða nú í sumar og um mögulegan eftirmann sinn í stjórninni. Viðræður hafa átt sér stað hvort GF haldi mögulega áfram í stjórninni sem fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Málið er í skoðun hjá hvoru tveggja Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður ráðuneytinu tilkynnt um breytingar, þ.e. hvort og hverjir ganga úr stjórn og um nýjar tilnefningar.

Stefnt á að funda næst undir lok ágúst, áður en viðhaldsvinna haustsins hefst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.